

Nd.

73. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Af hverju nýju skipi, sem flutt er til landsins eða smíðað innanlands og er yfir 5 brúttósmálestir, skal greiða í hafnarbótasjóð 2% — tvo af hundraði — af kostnaðarverði þess. Skal gjaldið innt af hendi, um leið og skrásetning skipsins fer fram og haffærisskirteini útgefið. Helmingi þessara tekna sjóðsins skal varið til hafnarbóta og lendingarbóta samkvæmt 4. gr. laganna, en helmingi þeirra til þess að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík, er rúmi að minnsta kosti 18 þúsund smálesta skip.

2. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt er þjóð, sem býr við brimótta strönd og á lif sitt undir fiskveiðum og siglingum, jafnnaðsynlegt og góðar og öruggar hafnir, þar sem hægt er að leita skjóls í stormum og illviðrum og geyma örugglega skip og skipshafnir, á meðan stormar æða úti fyrir og ekkert verður aðhafzt þar vegna veðurofsa. Hefur Alþingi jafnan haft á þessum málum fullan skilning, sem sést bezt á því, að eigi færri en 70 hafnir hafa þegar verið teknar í hafnarlöggjöfina og njóta styrks og annarrar aðstoðar frá ríkissjóði, svo sem hafnarlög mæla fyrir um. En þótt árleg framlög ríkissjóðs séu þegar orðin yfir 17 millj. kr. til hafnarframkvæmda, nægir þetta engan veginn til þess að fullnægja þörfinni. Telur hafnarmálastjóri, að á næstu fimm árum þurfi a. m. k. 85 millj. kr. árlega til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Vitað er, að ríkissjóður einn mun ekki þess megnugur að leggja það fé fram allt á því tímabili. Er því eðlilegast, að hafnarbótasjóður verði efldur á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Á árunum 1956—1960, að báðum meðtöldum, er talið, að flutt hafi verið inn skip fyrir 1894 millj. kr., á sama tíma er talið, að ný skip og bátar hafi verið byggð fyrir rúmar 100 millj. kr. Með tilvísun til þessa má ætla, að árlegar tekjur sjóðsins af nýjum skipum og bátum yrðu um 8—10 millj. kr., ef frv. yrði að lögum óbreytt. Væri það ómetanlegt fyrir sjóðinn, sem þá gæti stutt aðkallandi framkvæmdir allverulega fram yfir það, sem unnt er nú.

Það, að lagt er til, að helmingi teknanna sé varið til að koma upp þurrkví í Reykjavík, stafar af því, að þetta sameiginlega nauðsynjamál útvegs og iðnaðar hefur verið á döfinni síðan 1943, án þess að nokkuð hafi orðið úr framkvæmdum, og með því að stór hluti þess fjár, sem ætlað er til að greitt verði til sjóðsins, kæmi frá reykvískum útgerðaraðilum, en hafnarsjóður Reykjavíkur nýtur hins vegar ekki lögum samkvæmt annarrar aðstoðar til hafnarframkvæmda en til byggingar þurrkvíar, þykir rétt og sjálfsagt, að helmingur þess fjár, sem hér um ræðir, gangi beint til þess að koma þeim nauðsynjamálum í framkvæmd.

Er þess vænt, að mál þetta mæti fullum skilningi og frv. ná fram að ganga á þessu þingi.